

Fundargerð 11. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 16. janúar kl. 17:00 var haldinn ellefti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómararéttindum:

- Herdís Hallmarsdóttir: Lagotto Romagnolo og Nova scotia duck tolling retriever
- Lilja Dóra Halldórsdóttir: Schipperke og Chodský Pes

Stjórn samþykkti réttindin og óskar þeim til hamingju.

Ný heimasíða

Fyrir jól fór ný heimasíða í loftið undir léninu hrfi.is. Heimasíðan er keyrð í gegnum Shopify sem hýsir einnig vefverslun og bókunarkerfi. Heimasíðan er mikil betrubót frá fyrri síðu sem var orðin þung og erfið í viðureign. Enn er eitthvað af gögnum á eldri síðunni sem verða færð yfir jafnt og þétt, þetta á aðallega við gamlar fundargerðir, siðanefndar úrskurði, gömul úrslit sýninga og önnur söguleg gögn. Fyrir áramót var síðan opnuð fyrir bókun í augnskoðun og er nú einungis tekið við bókunum í gegnum vefinn. Þessi nýjung hefur gengið mjög vel þó einhverjir hnökrar hafa komið upp sem leystir hafa verið hratt og örugglega. Bókun á salnum á Melabraut fyrir félagsmenn fer einnig fram í gegnum síðuna og gengur hún mjög vel.

Ársfundir deilda í salnum á Melabraut

Upp kom fyrirspurn hvort deildir þyrftu að greiða fyrir leigu á salnum á Melabraut til að halda ársfundi deilda. Þar sem deildir er skyldugar til að halda ársfundi var ákveðið að deildir gætu

fengið 2 klst. fríar til að halda ársfund, en hefðbundin ársfundarstörf taka vanalega 1-2 klst. Deildir voru upplýstar um þessa ákvörðun og gefnar upplýsingar hvernig bóka skal salinn fyrir ársfundi.

Breytingartillaga MAST á innflutningsreglum

Stjórn skilaði inn álit á breytingartillögu MAST. Stjórn mótmælti þessum takmörkunum harðlega og lýsti því yfir að vera tilbúin að mæta til fundar um málefnið. Álitid (nr. 23 í lista) er hægt að lesa hér: <https://island.is/samradsgatt/mal/3627>

Hvolpasýning í janúar

Sýningastjórn heldur í samstarfi við félag íslenskra sýningadómara hvolpasýningu á Melabrautinni 27. janúar næst komandi. Spennandi verður að sjá hvernig slík sýning kemur út í húsnæði félagsins.

Veiðiprófa dagskrá tegundahóps 7

Veiðiprófa dagskrá tegundahóps 7 fyrir árið 2024 var samþykkt.

Deildarsýningar

Samþykkt var að deildir tegunda í tegundahópi 7 myndu halda sameiginlega deildarsýningu 19. maí 2024.

Samþykkt var að Fjár- og hjarðhundadeild myndi halda sérsýningu 13. apríl.

2. Melabraut 17

Í byrjun desember síðast liðinn fóru fram framkvæmdir á gólfi húsnæðis félagsins þar sem gólfið var flotað og síðan dúkalagt. Nýja gólfefnið er mikil bót til hins betra frá því gólfi sem var en nýi dúkurinn er stamari og undir dúknum er smá högg dempun. Nýja gólfefnið hefur einnig bætt hljóðvist frá fyrra horfi. Nú hefst vinna við að skoða nýja lausn á útihurðinni sem og að fá fagaðila til að meta hljóðvistina. Þá er verið að vinna í hentugri þrif lausnum. Leiga gengur vel á húsnæðinu og er umgengni nánast alltaf upp á 10.

Hurða- og lyklamál eru í skoðun. Verið er að skoða möguleika á lyklaboxum til að auðvelda aðgengi að lykklum að húsnæði félagsins.

3. Nýr samstarfsaðili félagsins

Skrifað hefur verið undir samning við nýjan aðalsamstarfsaðila félagsins, Petmark ehf.

4. Aðalfundur 2024

Undirbúningur hafinn til að halda aðalfund, mynda þarf kjörstjórn. Horfum til 15-19 apríl.

5. Fuglahundadeild sjálfstæður fjárhagur

Ekki er ljóst hvort Fuglahundadeild er með sjálfstæðan fjárhag eða ekki, sendur verður póstur til deildarinnar til að fá það á hreint.

6. Skuld við Vorstehdeild

Er í vinnslu.

7. Póstur til dómararáðs vegna pósta frá gr 7 deildum – áframhald frá síðasta fund

Gerð verður tillaga að pósti sem fær síðan umfjöllun stjórnar fyrir afgreiðslu.

8. Fyrirspurn um myndband HRFÍ um íslenska fjárhundinn

Stjórn fékk fyrirspurn um notkun á myndbandi um íslenska fjárhundinn. Kanna þarf hvernig hægt er að koma því myndbandi yfir á starfrænt form af DVD diskum.

9. Erindi frá félagsmanni varðandi samræmingu á reglum sveitarfélaga og reglum MAST varðandi hundahald.

Málið var rætt og stjórn er jákvæð fyrir því að skoða það á næstunni.

10. Erindi frá félagsmanni í boxerdeild um ársfund boxerdeildar

Lagt til að kalla fulltrúa deildarinnar inn á fund varðandi framtíð deildarinnar. Stjórn ætlar að kalla fulltrúa st. bernards, boxer og PMF deildar á fund.

11. Inn- og útflutningur hunda í framtíðinni – nýjar vélar Ícelandair

Rætt um að senda fyrirspurn á Ícelandair varðandi nýjar reglur um hunda í flugi á þeirra vegum milli landa. Stjórn er sammála um að skoða þetta frekar.

12. Ósk um ræktunarbann hvolps frá félagsmanni

Stjórn ræðir um beiðnina og er sammála um að beiðni viðkomandi félagsmanns uppfyllir ekki kröfur um ósk um ræktunarbann að svo stöddu og ekki fylgja þau gögn með beiðninni sem þarf til að setja hvolp í ræktunarbann.

13. Ósk um undanþágu á ættbókarskráningu á goti frá ræktanda

Eigandi hvolps úr goti sem ekki var komin með ættbók á þar sem ekki er búið að sækja um ættbókarskráningu óskar eftir undanþágu til að geta skráð hvolpinn á hvolpasýningu félagsins nú í janúar. Stjórn er sammála um að veita ekki undanþágu vegna ættbókar skráningu þessa gots að svo stöddu.

14. Eigendaskipti – fölsun undirskriftar

Málið er í vinnslu og bíður umsagnar hjá laganefnd félagsins.

15. Sýningabann á skottstífa hunda

Fyrirspurn um hvort HRFÍ geti gengið lengra en FCI gengur, þar sem ákveðnir tegundastaðlar tilgreina að skottstífa megi hunda tegundarinnar og lýsa hvernig stíft skott skal vera. HRFÍ mun stíga í takt við aðrar Norðurlandþjóðir og banna eyrna- og skottstífa hunda alfarið á sýningum félagsins frá og með 1.1.2025.

16. Fyrirspurn varðandi leigu flug á WDS

Ekki eru fordæmi fyrir því að HRFÍ útvegi félagsmönnum ferðir erlendis og stjórn er sammála um að byrja ekki á því að svo stöddu.

17. Frá ræktunar- og staðlanefnd

Ítarlegt erindi um nýjar heilsufarskröfur frá ræktunar- og staðlanefnd. Sjá viðhengi. Stjórn er sammála um að samþykkja tillögur ræktunar- og staðlanefndar.

18. Önnur mál

Er leyfilegt að nota Sólheimakot undir nosework keppni sem ekki er á vegum félagsins? Stjórn er sammála því að leyfa notkun á kotinu, enda er viðkomandi aðili félagsmaður, en viðkomandi þarf að greiða fyrir notkun.

Hundaskóli HRFÍ – stjórn ræðir um framtíð skólans, ákveðið að boða skólanefnd og fulltrúa skólans á fund með stjórn.

Veiðipróf fyrir standandi fuglahunda sem er áformað sömu helgi og sýning félagsins í september. Stjórn er sammála að senda póst og benda á þetta.

Fundi slitið kl. 19:00